

Ráðningarsamningur

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, Austurvegur 2, Selfossi, í samkomulagi þessu nefnt SÁ eða sveitarfélagið og Fjóla St. Kristinsdóttir, kt. 270272-5849, Starmóa 11, 800 Selfoss, í samningi þessum FSK, framkvæmdarstjóri eða bæjarstjóri, gera með sér svofelldan ráðningarsamning:

1. gr.

Starfsheiti

FSK er ráðin framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.

Framkvæmdastjóra ber að inna starfsskyldur sínar af hendi á aðalskrifstofu bæjarfélagsins á hverjum tíma, nú að Austurvegi 2, Ráðhús. Þá skal framkvæmdastjóri inna starfsskyldur af hendi á öðrum stöðum, allt eftir aðstæðum á hverjum tíma.

2. gr.

Gildistími

Samningurinn tekur gildi 9. júní 2022 og gildir til 31. maí 2024 þegar embættisskipti verða og Bragi Bjarnason tekur við störfum bæjarstjóra.

Ráðningarsamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila á gildistíma samkvæmt ákvæði 8. gr. þessa samnings.

3. gr.

Ábyrgðar- og starfssvið

Bæjarstjóri SÁ skal hafa umsjón með daglegri starfsemi sveitarfélagsins og ber ábyrgð á stjórn bæjarmála SÁ. Bæjarstjóri skal annast þau verkefni og starfsskyldur sem honum eru falin af bæjarstjórn. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt. Bæjarstjóri hefur og rétt á sæti á fundum nefnda og stjórna fyrirtækja sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar, bæjarráðs og málefna sveitarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveður ekki annað. Bæjarstjóri er

FSK

prókúruhafi bæjarsjóðs, undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Bæjarstjóri gegnir einnig starfi framkvæmdastjóra Leigubústaða

4. gr. Kjör og vinnutími

Vinnutími FSK er að jafnaði frá kl. 8:00 – 16:00 alla virka daga. Um er að ræða fullt starf, 100% starfshlutfall. Bæjarstjóra er skylt að vinna þá yfirvinnu sem þörf krefur, hvort sem er utan dagsvinnutíma virka daga eða um helgar. Þá er bæjarstjóra ávallt skylt að vera til taks, eftir því sem þurfa þykir, hvort sem er utan daglegs vinnutíma, um helgar, í leyfum o.s.frv.

Ráðningarsamningur þessi tekur til starfs bæjarstjóra sveitarfélagsins, sem FSK hefur verið ráðin til að gegna. Föst heildarlaun á mánuði eru 1.450.000 kr. Launin eru reiknuð út frá launavísitölu og verður grunnvísitala launavísitala júní mánaðar 2022. Launin taka breytingum skv. vísitölbreytingum 1. janúar 2023 og verða nógildandi laun þá uppreiknuð miðað við vísitölbreytingar og síðan á sex mánaða fresti. Laun þessi eru fyrir vinnuframlag bæjarstjóra, þ.m.t. fyrir fundarsetu í bæjarráði, í störfum sem framkvæmdastjóri leigubústaða, í nefndum og ráðum sveitarfélagsins á grundvelli lokamálsliðar 2. mgr. 49 gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp bæjarstjórnar sem og önnur nauðsynleg störf utan reglubundins vinnutíma. Ekki er greidd sérstök yfirvinna ef FSK þarf að vinna utan venjubundins vinnutíma eða helgidaga vegna ferðalaga eða sérstakra verkefna, enda telst það hluti af vinnu FSK.

Laun eru greidd 1. virkan dag hvers mánaðar, eftirá.

5. gr. Réttindi

FSK nýtur almennra réttinda sem kjarasamningur Samband íslenskra sveitarfélaga og BHM kveður á um á hverjum tíma, þ.m.t. réttindi til launagreiðslu í veikindaforföllum og orlofsréttinda. FSK nýtur greiðslu fastra mánaðarlauna 12 mánuði ársins, þ.m.t. í orlofi. Í samræmi við framangreint er allt orlof innifalið í föstum mánaðarlaunum og samkvæmt því greiðist ekki orlof til viðbótar framangreindum launum. Bæjarstjóri skal við ákvörðun orlofstöku hafa samráð við forseta bæjarstjórnar og formann bæjarráðs og skal þess ávallt gætt að orlofstaka samrýmist hagsmunum sveitarfélagsins. Flutningur orlofsréttar á milli orlofsára er óheimill, sbr. þó 2. mgr. 6. gr. orlofslaga nr. 30/1987 varðandi tengsl orlofstöku og veikindaréttar.

BS
FSK KB

6. gr.

Um önnur starfskjör

Orlofsuppbót verður greidd 1. maí ár hvert skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og BHM. Persónuuppbót (desemberuppbót) verður greidd 1. desember ár hvert skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og BHM.

Aksturstyrkur er fastur 980 km á mánuði.

SÁ útvegar FSK farsíma vegna starfa sinna og greiðir mánaðarlega, skv. reikningi fyrir GSM símarreikning og heimasíma FSK. SÁ greiðir fyrir nettengingu og kemur upp VPN tengingu. SÁ útvegar FSK fartölvu til afnota vegna starfa sinna.

Um greiðslur í lífeyrissjóð fer skv. kjarasamningi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og BHM.

Ferðist bæjarstjóri innanlands á vegum SÁ skal ferðakostnaður greiddur skv. reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ekki er unnt að leggja fram reikninga. Ferðist bæjarstjóri erlendis á vegum SÁ skulu fargjöld greidd sérstaklega en annar ferðakostnaður greiddur með dagpeningum. Fjárhæð dagpeninga skal ávallt taka mið af ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkissins.

7. gr.

Tryggingar

SÁ greiðir sjúkra- og slysatryggingu vegna FSK.

8. gr.

Uppsagnafrestur

Ráðningarsamningur þessi er tímabundinn og gildir til 31. maí 2024.

Verði ráðningarsamningi þessum sagt upp af SÁ eða FSK fyrir lok þess tíma skal uppsagnafrestur vera 3 mánuðir. FSK hefur ekki vinnuskyldu á umræddu tímabili eða öðru leyti en því sem varðar eðlileg skil á starfi, allt að einum mánuði. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

9. gr.

Önnur störf

Um störf og stjórnarsetur bæjarstjóra, hvort sem þau tengjast sveitarfélaginu með beinum hætti eða ekki, skal bæjarstjóri ávallt hafa samráð við formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar.

BS
FSK

Samningur þessi er undirritaður af formanni bæjarráðs og forseta bærarstjórnar í tveimur samhljóða eintökum. Samningurinn skal lagður fyrir bæjarráð til staðfestingar skv. 48. gr. samþykka um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bærarstjórnar og eftir að slík staðfesting hefur fengist öðlast hann gildi.

Rísi ágreiningur um efni eða túlkun ráðningarsamnings þessa skal mál rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Selfoss 8. júní 2022

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar



[Handwritten signature]

Kjartan Björnsson

Vottar að undirskrift og rétttri dags.:

Fjóla St. Kristinsdóttir

Fjóla St. Kristinsdóttir

[Handwritten signature] kt. 300483-4889

Rosa Sif Jónsdóttir kt: 020677-4659

BS KB